

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 20. apríl 2011 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinum voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson, Baldur Magnússon og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Deiliskipulag Hólanessvæðis

Fyrir fundinum lá greinargerð og upprættir af deiliskipulagi sem var til umfjöllunar á síðasta fundi sveitarstjórnar 29. mars sl. og fundi skipulags- og byggingarnefndar 23. febrúar sl. Sveitarstjórn fór yfir skipulagsdrögin og samþykkt að óska eftir fundi með ráðgjafa um þau.

2. Fellsborg, breytingar á neðri hæð

Fyrir fundinum lágu upprættir af breytingum á herbergjaskipan á neðri hæð félagsheimilisins Fellsborgar ásamt frumáætlun um kostnað við breytingarnar. Sveitarstjórn fór yfir og ræddi fyrirbyggjandi gögn en samþykkti síðan að fela sveitarstjóra að halda áfram með málið og koma því til framkvæmda. Auknum kostnaði vegna breytinganna var vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

3. Túnbraut 5, endurbætur

Fyrir fundinum lá minnisblað um utanhússviðgerðir á Túnbraut 5 og kostnaðaráætlun vegna þeirra framkvæmda. Einnig lá fyrir kaupsamningur um íbúð að Túnbraut 5, 1.h.th. Sveitarstjórn yfirfór fyrirbyggjandi gögn og samþykkti fyrirbyggjandi kaupsamning og að haldið verði áfram við að koma utanhússviðgerðum í framkvæmd. Auknum kostnaði vegna kaups á íbúð og breytinganna var vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

4. Skipulag almannavarna Húnavatnssýslu

Fyrir fundinum lá almannavarnaskipulag fyrir Húnavatnssýslu sem greinist niður í almannavarnanefnd, aðgerðarstjórn og vettvangsstjórnir.

Skipulagið var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir eða bókanir vegna þess.

5. Bréf:

a. Björgunarsveitarinnar Strandar, dags. 15. apríl 2011

Erindi bréfsins var að leita til sveitarstjórnar um fjárstuðning til að endurnýja Þórdísi, björgunarbát félagsins sem hefur verið notuð til hliðar við björgunarskipið Húnabjörg. Samþykkt að óska eftir frekari upplýsingum um fjármögnun og fá kynningu á verkefninu hjá forsvarsmönnum sveitarinnar.

b. Starfsfólks Höfðaskóla, dags. 1. apríl 2011

Með bréfinu er vísað til kennarafundar 30. mars sl. þar sem lestur og lestrargeta var til umfjöllunar. Erindi bréfsins er að leita eftir stuðningi við að bækur verði nemendum

skólans aðgengilegri með sérstöku bókasafnskorti fyrir börn og sérstakri barnaopnun bókasafnsins.

Samþykkt að verða við erindi um bókasafnskort fyrir skólabörn.

6. Fundargerðir

- a. Hafnarnefndar. 04.04.2011

Fundargerðin var samþykkt.

- b. Menningarráðs Norðurlands vestra, 23.03.2011

Fundargerðin var til kynningar.

- c. Samráðsfundar sveitarfélaga undir 1000 íbúa marki, 24. mars 2011

Fundargerðin var til kynningar.

- d. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 24.03.2011

Fundargerðin var til kynningar.

7. Önnur mál

Sveitarstjórn ræddi skýrslu um Nes listamiðstöð sem var til umfjöllunar á síðasta fundi. Oddvita og sveitarstjóra falið að ræða við stjórnarformann listamiðstöðvarinnar og fara yfir niðurstöður skýrslunnar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11²⁰

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson,

Baldur Magnússon,

Magnús B. Jónsson